



Þátttakendur í minningardegi um þá sem hafa látið lífið í umferðinni

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 22. nóvember 2021  
Tilv.: SRN21050071/3.14.0

Ágætu þátttakendur í minningardeginum um þá sem hafa látið lífið í umferðinni.

Dagurinn tókst mjög vel í ár. Með samstöðu höfum við lagað okkur að samkomutakmörkunum og öðru sem faraldrinum hefur fylgt. Okkur hefur tekist að snúa aðstæðum okkur í vil. Minningardagurinn er sterkari vettvangur en áður til að draga úr slysum auk þess að ná til fleiri. Þriðja sunnudag í nóvember hvert ár notum við til þess að heiðra minningu allra þeirra sem hefur verið kippt úr lífi okkar fyrirvaralaust í umferðarslysi eða býr við afleiðingar þess alla ævi. Hinn alþjóðlegi minningardagur var nú haldinn í tólfta sinn hér á landi

Eins og í fyrra var lag KK, *When I Think of Angels*, í flutningi hans og Ellenar systur hans einkennislag dagsins, spilað samtímis á öllum útvarpsstöðvum. Þá fjölluðu fjölmiðlar um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi og myndböndum var dreift á samfélagsmiðlum og á vef minningardagsins – [www.minningardagur.is](http://www.minningardagur.is). Í stað fjölmennra athafna voru margir minni og táknrænir minningarviðburðir haldnir um land allt, sendir út í beinu vefstreymi.

Ég færi ykkur öllum hjartans þakkir fyrir mína hönd og fyrir hönd ráðuneytisins fyrir mikilvægt framlag ykkar við skipulagningu minningardagsins í ár og þátttöku í honum.

Séstökum þökkum vil ég koma til viðbragðsaðila fyrir ómetanlegt starf við að bjarga og líkna slösuðum og látnum oft við skelfilegar aðstæður. Þið eruð góðar fyrirmyndir. Starf ykkar skiptir okkur öll miklu máli.

Eitt banaslys er einu of mikið. Við munum aldrei sætta okkur við að fólk sé hrifsað frá okkur með þessum hætti. Einfaldlega vegna þess að það er óþarfi að slíkt gerist. Við munum áfram gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að fólk láti lífið í umferðinni. Við þurfum að standa saman um það markmið að útrýma banaslysum. Minningardagurinn eins og við höfum haldið hann síðustu tvö ár sýna okkur að við getum náð til allra.

Sigurður Ingi Jóhannsson